# Ríkisútvarpið ohf.

Samandreginn

árshlutareikningur

## 1.9.2014 - 30.6.2015

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík
kt. 600307-0450

# Ríkisútvarpið ohf.

## Samandreginn árshlutareikningur

## 1.9.2014 - 30.6.2015

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðra endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Yfirlit um eigið fé | 7 |
| Skýringar | 8-17 |

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

***Til stjórnar og hluthafa í Ríkisútvarpinu ohf.***

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir tímabilið 1. september 2014 til 30. júní 2015. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn félagsins og framkvæmdarstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og staðallinn hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

***Umfang könnunar.***

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

***Ályktun***

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess þann 30. júní 2015 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við IAS 34, árshlutareikningsskil, eins og staðalinn hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

***Ábending***

Við viljum vekja athygli á skýringu 18 með ársreikningnum þar sem fram kemur að félagið hafi náð samkomulagi um að fresta afborgun lána til 1. apríl 2016, auk þess sem eiginfjárhlutfall félagsins er lægra en kveðið er á um í lánasamningum félagsins. Stjórn félagsins hefur verið að vinna að úrbótum sem snúa að sölu eigna félagsins. Ef aðgerðir stjórnar ganga ekki eftir, ríkir óvissa um framtíðarhorfur Ríkisútvarpsins.

Reykjavík, 26. ágúst 2015.

***Endurskoðendaþjónustan ehf.***

Sævar Þór Sigurgeirsson
endurskoðandi

Guðni Þór Gunnarsson
endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er útvarpsþjónusta í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps.

Tap Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 35.744.667. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 6.988.666.426, bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins er kr. 346.107.247 og eiginfjárhlutfall félagsins er 5,0%.

Í lok reikningstímabilsins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Að áliti stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningstímabilsins, rekstrarárangri reikningstímabilsins og fjárhagslegri þróun á reikningstímabilinu.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. staðfestir hér með árshlutareikning félagsins fyrir reikningstímabilið 1.9.2014 - 30.6.2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. ágúst 2015

Ingvi Hrafn Óskarsson
stjórnarformaður

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Björg Eva Erlendsdóttir

Ásthildur Sturludóttir

Friðrik Rafnsson

Mörður Árnason

Guðlaugur G. Sverrisson

Eiríkur Finnur Greipsson

Kristinn Dagur Gissurarson

Valgeir Vilhjálmsson
fulltrúi starfsmanna

# Yfirlit um heildarafkomu fyrir reikningstímabilið 1.9.2014 - 30.6.2015

| | Skýr. | 1.9.2014-<br>30.6.2015 | 1.9.2013-<br>31.8.2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Almannaþjónusta | 4 | 2.966.020.067 | 3.361.447.449 |
| Samkeppnisrekstur | 4 | 1.810.466.089 | 2.038.681.435 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Almannaþjónusta | 4 | (3.948.062.591) | (4.882.375.880) |
| Samkeppnisrekstur | 4 | (359.633.682) | (214.306.323) |
| Afskriftir | 7,8 | (244.469.538) | (316.953.087) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | 224.320.346 | (13.506.406) |
| Fjármunatekjur | 6 | 1.928.688 | 2.559.252 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (285.094.232) | (347.247.888) |
| Gengismunur | 6 | 14.164.364 | 19.123.506 |
| Hrein fjármagnsgjöld | | (269.001.180) | (325.565.131) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | (44.680.834) | (339.071.537) |
| Tekjuskattur | 15 | 8.936.167 | 67.814.307 |
| **Tap og heildarafkoma** | | (35.744.667) | (271.257.230) |

Vakin skal athygli á að samanburður er við síðasta rekstrarár félagsins en það eru 12 mánuðir.

# Efnahagsreikningur 30.6.2015

## Eignir

| | Skýr. | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 4.521.163.326 | 4.519.397.240 |
| Óefnislegar eignir | 8 | 179.959.431 | 203.783.848 |
| Samningsbundinn sýningaréttur | 11 | 775.284.335 | 647.294.906 |
| Reiknuð skattinneign | 15 | 165.782.818 | 156.846.652 |
| Aðrar eignir | 9 | 360.974.383 | 328.607.354 |
| | | 6.003.164.293 | 5.855.930.000 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 10 | 38.138.517 | 40.292.075 |
| Samningsbundinn sýningarréttur | 11 | 619.553.190 | 756.338.823 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 302.085.714 | 239.667.550 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 21.870.633 | 70.108.449 |
| Handbært fé | 12 | 3.854.079 | 5.608.303 |
| | | 985.502.133 | 1.112.015.199 |
| **Eignir samtals** | | 6.988.666.426 | 6.967.945.199 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 839.723.000 | 839.723.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 265.253.903 | 265.253.903 |
| Ójafnað tap | | (758.869.656) | (723.124.988) |
| Eigið fé samtals | | 346.107.247 | 381.851.915 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | 13 | 4.284.827.503 | 4.110.834.175 |
| Aðrar fjárskuldir | 13 | 328.344.511 | 425.953.120 |
| | | 4.613.172.014 | 4.536.787.295 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 806.638.971 | 784.431.455 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 330.143.687 | 325.588.703 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 324.077.132 | 380.899.109 |
| Skuldbindingar | 14 | 0 | 16.246.372 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | | 501.063.128 | 419.822.521 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 67.464.248 | 122.317.829 |
| | | 2.029.387.166 | 2.049.305.988 |
| Skuldir samtals | | 6.642.559.180 | 6.586.093.283 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 6.988.666.426 | 6.967.945.199 |

# Yfirlit um sjóðstreymi

| | 1.9.2014-30.6.2015 | 1.9.2013-31.8.2014 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | 224.320.346 | (13.506.406) |
| Afskriftir | 244.469.538 | 316.953.087 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 468.789.884 | 303.446.681 |
| Vörubirgðir, lækkun (hækkun) | 2.153.558 | 4.336.563 |
| Sýningaréttur, lækkun (hækkun) | (89.575.320) | (29.961.879) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun) | (39.401.196) | (173.500.484) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun) | 90.169.174 | (44.881.252) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 432.136.100 | 59.439.629 |
| Innborgaðir vextir | 1.928.688 | 3.196.572 |
| Greiddir vextir | (179.067.954) | (236.331.214) |
| **Handbært fé frá rekstri** | 254.996.834 | (173.695.013) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | (222.411.205) | (297.621.394) |
| | (222.411.205) | (297.621.394) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir langtímaskulda | (56.685.710) | (427.037.594) |
| Nýjar langtímaskuldir | 17.649.591 | 994.980.000 |
| Breyting skulda við lánastofnanir | 4.554.984 | (105.696.098) |
| | (34.481.135) | 462.246.308 |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | (1.895.507) | (9.070.099) |
| Handbært fé í upphafi tímabils | 5.608.303 | 14.677.709 |
| Gengismunur af handbæru fé | 141.282 | 693 |
| Handbært fé í lok tímabils | 3.854.079 | 5.608.303 |

# Yfirlit um eigið fé

| | Hlutafé * | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Ójafnað tap | Eigið fé Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.9.2013 | 839.723.000 | 265.253.903 | (451.867.759) | 653.109.144 |
| Heildarafkoma tímabilsins | 0 | 0 | (271.257.230) | (271.257.230) |
| Staða 31.8.2014 | 839.723.000 | 265.253.903 | (723.124.989) | 381.851.915 |
| | | | | |
| Staða 1.9.2014 | 839.723.000 | 265.253.903 | (723.124.989) | 381.851.915 |
| Heildarafkoma tímabilsins | 0 | 0 | (35.744.667) | (35.744.672) |
| Staða 30.6.2015 | 839.723.000 | 265.253.903 | (758.869.653) | 346.107.248 |

* Útgefnir hlutir í lok tímabils eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Nánar er kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok reikningsársins 30.6.2015, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja og/eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Áhrif þeirra á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Árshlutareikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningstímabilið 1.9.2014-30.6.2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningur Ríkisútvarpsins ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1.9.2013-31.8.2014.

### Reikningshaldslegt mat

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsári Ríkisútvarpsins ohf. var breytt á tímabilinu, rekstrartímabil var frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir en er nú frá 1. janúar ár hvert til 31. desember sama ár. Uppgjör fyrir rekstrarárið 2016 verður fyrsta ársuppgjör félagsins sem gert er upp frá 1. janúar til 31. desember og sýnir samanburð við sama tímabil fyrra árs. Þessi árshlutareikningur sýnir tímabilið 1. september 2014 til 30. júní 2015. Ekki er til uppgjör fyrir sama tímabil frá fyrra ári, þess vegna er samanburður við síðasta ársuppgjör en þar er rekstrartímabilið 1. september 2013 til 31. ágúst 2014, eða 12 mánuðir. Samkvæmt lögum um fjölmiðil í almannaþjónustu nr. 23/2013 ber Ríkisútvarpinu ohf. að halda fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins. Skal hlutlæg kostnaðaraðgreining á almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Þess vegna hafa stjórnendur ákveðið að endurflokka tekjur og gjöld og sýna rekstur almannaþjónustu aðgreindan frá rekstri samkeppnisreksturs, samanburðartölur eru einnig endurflokkaðar í rekstrarreikningi en hlutfall samkeppnisrekstrar í kostnaði vegna almannaþjónustu hefur ekki verið reiknaður fyrir fyrra rekstrarár og er því ekki færður í samanburði. Ýtarlegar upplýsingar um tekjur og gjöld almannaþjónustu og samkeppnisreksturs eru í skýringu 4 með árshlutareikningnum. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverði, hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

### Yfirlit um heildarafkomu eftir tímabilum

| | 1.9.2014-30.6.2015 | 1.1.2015-30.6.2015 | 1.9.2014-31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Almannaþjónusta | 2.966.020.067 | 1.828.729.368 | 1.137.290.699 |
| Samkeppnisrekstur | 1.810.466.089 | 1.010.661.496 | 799.804.594 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Almannaþjónusta | (3.948.062.591) | (2.240.795.314) | (1.707.267.276) |
| Samkeppnisrekstur | (359.633.682) | (273.741.369) | (85.892.313) |
| Afskriftir | (244.469.538) | (133.953.879) | (110.515.659) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | 224.320.346 | 190.900.302 | 33.420.044 |
| Fjármunatekjur | 1.928.688 | 962.146 | 966.542 |
| Fjármagnsgjöld | (285.094.232) | (194.033.063) | (91.061.170) |
| Gengismunur | 14.164.364 | 23.679.829 | (9.515.465) |
| Hrein fjármagnsgjöld | (269.001.180) | (169.391.088) | (99.610.092) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | (44.680.834) | 21.509.214 | (66.190.048) |
| Tekjuskattur | 8.936.167 | (4.301.843) | 13.238.010 |
| **Tap og heildarafkoma** | (35.744.667) | 17.207.371 | (52.952.039) |

## 4. Rekstur deilda

| Rekstur fjölmiðils í almannaþágu greinist þannig: | 1.9.2014 - 30.6.2015 | 1.9.2013 - 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 2.965.709.600 | 3.317.123.910 |
| Styrkir og aðrar tekjur | 310.467 | 44.323.539 |
| | 2.966.020.067 | 3.361.447.449 |
| Réttindagreiðslur vegna dagskrár | (868.389.003) | (981.277.581) |
| Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostnaður vegna dagskrár | (1.979.349.538) | (2.384.923.899) |
| Tæknikostnaður, rekstur áhalda og tækja og hugbúnaður | (249.954.400) | (287.570.495) |
| Kostnaður vegna dreifikerfis | (341.483.801) | (323.656.754) |
| Annar beinn kostnaður vegna dagskrár | (199.744.822) | (247.611.819) |
| Kostnaður vegna skrifstofu útvarpsstjóra, fjármáladeildar og stjórnar | (214.427.420) | (335.736.550) |
| Rekstur húsnæðis og annar rekstrarkostnaður | (253.544.711) | (321.598.781) |
| Hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði | 158.831.105 | 0 |
| | (3.948.062.591) | (4.882.375.880) |
| Rekstrartap af fjölmiðli í almannaþágu | (982.042.524) | (1.520.928.431) |

| Rekstur samkeppnisrekstrar greinist þannig: | 1.9.2014 - 30.6.2015 | 1.9.2013 - 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Tekjur af samkeppnisrekstri | 1.810.466.089 | 2.038.681.435 |
| Hlutdeild í kostnaði fjölmiðlaþjónustu | (158.831.105) | 0 |
| Beinn kostnaður vegna samkeppnisrekstrar | (200.802.577) | (214.306.323) |
| | (359.633.682) | (214.306.323) |
| Rekstrarhagnaður af samkeppnisrekstri | 1.450.832.407 | 1.824.375.112 |

## 5. Launamál

| Laun og tengd gjöld greinast þannig: | 1.9.2014 - 30.6.2015 | 1.9.2013 - 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Heildarlaun | 1.544.877.443 | 1.853.465.087 |
| Lífeyrissjóður | 160.996.682 | 198.561.561 |
| Önnur launatengd gjöld | 165.577.937 | 226.247.765 |
| | 1.871.452.062 | 2.278.274.413 |
| Heildarstöðugildi | 257 | 270 |

Gjaldfærð heildarlaun og þóknanir til níu æðstu stjórnenda félagsins námu 89,3 milljónum króna á reikningstímabilinu, (2013/2014 185,1 milljón) þar af voru laun útvarpsstjóra 12,7 milljónir (2013/2014 36,6 milljónir, en tveir útvarpsstjórar voru á launaskrá). Stjórnarlaun námu 8,8 milllljónum króna (2013/2014 10,8 milljónir).

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 1.9.2014 - 30.6.2015 | 1.9.2013 - 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 1.928.688 | 2.559.252 |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (259.382.841) | (318.730.771) |
| Önnur vaxtagjöld | (25.711.392) | (28.517.117) |
| | (285.094.232) | (347.247.888) |
| Gengismunur | 14.164.364 | 19.123.506 |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | (269.001.180) | (325.565.131) |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir | Dreifikerfi | Áhöld, tæki og innréttingar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða 1.9.2013 ..................... | 3.170.421.292 | 593.278.335 | 1.523.871.644 | 65.700.000 | 5.353.271.271 |
| Eignfært á tímabilinu .......... | 0 | 22.673.444 | 251.797.658 | 0 | 274.471.102 |
| Endurflokkað* ..................... | 0 | 372.217 | (6.338.556) | 0 | (5.966.339) |
| Niðurlagt á tímabilinu ......... | 0 | (3.180.000) | (170.501.340) | 0 | (173.681.340) |
| Staða 31.8.2014 ................... | 3.170.421.292 | 613.143.996 | 1.598.829.406 | 65.700.000 | 5.448.094.694 |
| Eignfært á tímabilinu .......... | | 6.852.959 | 207.931.393 | | 214.784.352 |
| Niðurlagt á tímabilinu ......... | | (130.499.080) | (13.198.905) | | (143.697.985) |
| Staða 30.6.2015 ................... | 3.170.421.292 | 489.497.875 | 1.793.561.896 | 65.700.000 | 5.519.181.061 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða 1.9.2013 ..................... | 0 | 240.412.924 | 580.824.639 | 336.365 | 821.573.928 |
| Afskrift tímabilsins ............. | 0 | 100.864.267 | 179.918.124 | 52.435 | 280.834.826 |
| Endurflokkað* ..................... | 0 | 3.955.655 | (3.985.615) | 0 | (29.960) |
| Niðurlagt á tímabilinu ......... | 0 | (3.180.000) | (170.501.340) | 0 | (173.681.341) |
| Staða 31.8.2014 ................... | 0 | 342.052.846 | 586.255.808 | 388.800 | 928.697.453 |
| Afskrift tímabilsins ............. | 0 | 48.593.550 | 164.381.168 | 43.550 | 213.018.268 |
| Niðurlagt á tímabilinu ......... | 0 | (130.499.080) | (13.198.905) | 0 | (143.697.985) |
| Staða 30.6.2015 ................... | 0 | 260.147.316 | 737.438.071 | 432.350 | 998.017.736 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Staða 31.8.2014 ................... | 3.170.421.292 | 271.091.150 | 1.012.573.598 | 65.311.200 | 4.519.397.240 |
| Staða 30.6.2015 ................... | 3.170.421.292 | 229.350.559 | 1.056.123.825 | 65.267.650 | 4.521.163.326 |
| Afskriftarhlutföll ................. | 0% | 6-30% | 7-20% | 0-1% | |

*Endurflokkun á eignum á fyrra reikningsskilatímabili úr flokknum Áhöld, tæki og innréttingar snýr að endurflokkun á hugbúnaði sem færður var yfir í óefnislegar eignir í samræmi við kröfur IFRS (sjá skýringu 8). Endurflokkun á eignum úr flokknum Dreifikerfi snýr að eignfærðum kostnaði í tengslum við gerð samnings um endurnýjun dreifikerfis, endurflokkað var yfir á aðrar eignir.

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru ekki veðsettir. Vegna lánasamninga við Landsbanka Íslands er þinglýst kvöð á fasteign félagsins að Efstaleiti 1 um að hún verði ekki veðsett.

| | Fasteignamat 31.12.2014 | Brunabótamat 31.12.2014 | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Efstaleiti 1 ............................................................................. | 3.794.450.000 | 4.048.550.000 | 3.170.421.292 |
| Dreifikerfi .............................................................................. | 380.726.000 | 489.095.000 | 229.350.559 |
| Aðrar eignir ............................................................................ | 0 | 0 | 1.121.391.475 |
| | 3.879.728.000 | 4.355.205.000 | 4.521.163.326 |

## 8. Óefnislegar eignir

| | Hugbúnaður |
|---|---|
| **Kostnaðarverð** | |
| Staða 1.9.2013 | 237.143.882 |
| Eignfært á tímabilinu | 58.701.305 |
| Aflagt á tímabilinu | (23.144.199) |
| Endurflokkað | 5.966.339 |
| Staða 31.8.2014 | 278.667.328 |
| Eignfært á tímabilinu | 7.626.853 |
| Aflagt á tímabilinu | (2.202.271) |
| Staða 30.6.2015 | 284.091.910 |
| **Afskriftir** | |
| Staða 1.9.2013 | 61.879.458 |
| Afskrift tímabilsins | 36.118.261 |
| Aflagt á tímabilinu | (23.144.199) |
| Endurflokkað | 29.960 |
| Staða 31.8.2014 | 74.883.480 |
| Afskrift tímabilsins | 31.451.270 |
| Aflagt á tímabilinu | (2.202.271) |
| Staða 30.6.2015 | 104.132.479 |
| **Bókfært verð** | |
| Staða 31.8.2014 | 203.783.848 |
| Staða 30.4.2015 | 179.959.431 |
| Afskriftarhlutföll | 12,5-20% |

## 9. Aðrar eignir

Aðrar eignir í lok reikningsskilatímabilsins samanstanda af mismun á gjaldfærslu og greiðslum í tengslum við samning um stafræna dreifingu.

## 10. Birgðir

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Safnadeild | 35.596.707 | 35.596.707 |
| Rekstrarvörur | 2.541.810 | 4.695.368 |
| | 38.138.517 | 40.292.075 |

Birgðir félagsins eru ekki veðsettar.

## 11. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

| | Samningsbundinn sýningarréttur |
|---|---|
| Staða 1.9.2013 | 947.718.730 |
| Keypt efni á tímabilinu | 1.220.124.682 |
| Sýnt efni á tímabilinu | (760.035.727) |
| Aðrar breytingar | (4.173.956) |
| Staða 31.8.2014 | 1.403.633.729 |
| Keypt efni á tímabilinu | 590.091.722 |
| Sýnt efni á tímabilinu | (592.005.600) |
| Aðrar breytingar | (6.882.326) |
| Staða 30.6.2015 | 1.394.837.525 |

Niðurfærsla samningsbundins sýningarréttar nemur 29,3 milljónum króna (31.8.2014: 43,6 milljónum króna). Samningsbundinn sýningarréttur félagsins er ekki veðsettur.

| | |
|---|---|
| Flokkað meðal fastafjármuna | 775.284.335 |
| Flokkað meðal veltufjármuna | 619.553.190 |
| | 1.394.837.525 |

## 12. Peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 43.000.718 | 24.786.875 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 11.839.983 | 3.471.329 |
| Útistandandi afnotagjöld | 1.012.984 | 1.012.984 |
| Útistandandi auglýsingakröfur | 246.232.029 | 210.396.362 |
| | 302.085.714 | 239.667.550 |

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði, mat á virðisrýmun nemur 64,3 milljónum króna (31.8.2014: 64,9 milljón).

Óbein niðurfærsla er færð á allar gjaldfallnar viðskiptakröfur út frá mati stjórnenda á innheimtuleika þeirra.

| **Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:** | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Staða afskriftareiknings í upphafi tímabils | 64.930.005 | 79.130.005 |
| Endanleg afskrift tímabilsins | (8.453.264) | (11.574.155) |
| Breyting afskriftareiknings á tímabilinu | 8.153.264 | (2.625.845) |
| | 64.630.005 | 64.930.005 |

## 12. Peningalegar eignir (framhald)

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 652.657 | 10.358.670 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 12.522.144 | 22.546.973 |
| Fjármagnstekjuskattur | 1.828.775 | 2.550.539 |
| Aðrar kröfur | 6.867.057 | 34.652.267 |
| | 21.870.633 | 70.108.449 |

**Handbært fé**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður og sjóður í íslenskum krónum | 2.712.771 | 4.662.642 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 1.141.308 | 945.661 |
| | 3.854.079 | 5.608.303 |

## 13. Langtímaskuldir

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Skuldir í CHF | 0 | 4.431.070 |
| Skuldir í DKK | 80.260.240 | 100.211.154 |
| Skuldir í USD | 0 | 13.190.321 |
| Skuldir í ISK | 4.528.644.395 | 4.373.900.739 |
| | 4.608.904.635 | 4.491.733.284 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (324.077.132) | (380.899.109) |
| Langtímaskuldir alls | 4.284.827.503 | 4.110.834.175 |

Stofnað var til langtímaskulda að upphæð kr. 2.902.188.294 (30.6.2015: kr. 3.039.277.314) áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag á árinu 2007. Lán sem stofnað var til áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag eru með ríkisábyrgð.

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | 30.6.2015 |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 324.077.132 |
| Afborganir 1.7.2016 - 30.6.2017 | 344.087.047 |
| Afborganir 1.7.2017 - 30.6.2018 | 331.732.518 |
| Afborganir 1.7.2018 - 30.6.2019 | 323.182.365 |
| Afborganir 1.6.2019 - 30.6.2020 | 318.356.613 |
| Afborganir síðar | 2.967.468.960 |
| | 4.608.904.635 |

**Aðrar fjárskuldir**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldir vegna samningsbundins sýningarréttar | 328.344.511 | 425.953.120 |

## 14. Skuldbindingar

Skuldbinding vegna niðurrifs:

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi reikningsárs | 16.246.372 | 64.985.488 |
| Greiðsla á tímabilinu | (16.246.372) | (48.739.116) |
| | 0 | 16.246.372 |

## 15. Reiknuð skattinneign

| | Reiknuð skattinneign |
|---|---|
| Staða 1.9.2014 | 156.846.652 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins | 8.936.166 |
| Staða 30.6.2015 | 165.782.818 |

Reiknuð skattinneign er færð í efnahagsreikning félagsins þegar líklegt er talið að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Það er mat stjórnenda að undirliggjandi rekstur muni skila skattskyldum hagnaði á næstu reikningstímabilum og verulegar líkur séu á að ekki líði langur tími þar til fasteign félagsins verði seld og það muni leiða til skattskylds söluhagnaðar. Það er því mat stjórnenda að rétt sé að færa upp skattinneign og við mat á fjárhæð hennar er horft til þess skattalega taps sem talið er að muni nýtast.

## 16. Peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 569.136.035 | 645.395.263 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 237.502.936 | 139.036.192 |
| | 806.638.971 | 784.431.455 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 308.064.135 | 342.381.621 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 16.012.997 | 38.517.488 |
| | 324.077.132 | 380.899.109 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 30.6.2015 | 31.8.2014 |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 0 | 6.445.998 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 63.131.015 | 106.635.077 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 4.333.233 | 9.236.753 |
| | 67.464.247 | 122.317.829 |

## 17. Kennitölur

| Úr yfirliti um heildarafkomu: | 1.9.2014-<br>30.6.2015 | 1.9.2013 -<br>31.8.2014 |
|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 468.789.884 | 303.446.681 |
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 9,8% | 5,6% |
| Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur | 4,7% | -0,3% |
| Afkoma tímabilsins / rekstrartekjur | -0,7% | -5,0% |
| | | |
| Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum | 62,1% | 61,4% |
| Hlutfall tekna af samkeppnisrekstri af rekstrartekjum | 37,9% | 37,8% |
| Hlutfall kostnaðar vegna þjónustusamnings af rekstrartekjum | 86,0% | 90,4% |

| Úr efnahagsreikningi: | 30.06.2015 | 31.08.2014 |
|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | |
| Lausafjárhlutfall | 0,16 | 0,15 |
| Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir | | |
| | | |
| Veltufjárhlutfall | 0,49 | 0,54 |
| Veltufjármunir/skammtímaskuldir | | |
| | | |
| **Fjárhagslegur styrkur** | | |
| Eiginfjárhlutfall | 5,0% | 5,5% |
| Eigið fé/heildarfjármagn | | |

## 18. Rekstrarhæfi

Samkomulag hefur náðst milli RÚV og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frestun á þremur gjalddögum og lengingu láns sem þeim nemur, næsti gjalddagi lánsins verður 1. apríl 2016. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur með bréfi dagsettu 24. mars 2015 samþykkt áframhaldandi ábyrgð ríkissjóðs. Félagið mun á næstu mánuðum vinna að sölu eigna í því skyni að létta á skuldastöðu félagsins og tryggja fjármagn til að standa undir greiðslum næsta árs afborgana og vaxtagreiðslna. Ekki liggur fyrir hvenær tekst að selja eignir né á hvaða verði og því er ekki fyrirséð hvaða áhrif þetta hefur á rekstur Ríkisútvarpsins í framtíðinni.

## 19. Samþykkt ársreiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur af stjórn félagins og leyfður til birtingar þann 26. ágúst 2015.